

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis,
bt. nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Ísafirði 16. maí 2012

Efni: umsögn um frv. t.laga um Ríkisútvarpið, mál 748.

Snerpu ehf. hefur borist beiðni nefndasviðs um umsögn um frumvarpið og við lestur þess ber helst að nefna að Snerpa vill gera athugasemdir við ákvæði um rekstur dreifikerfis og starfsemi á landsbyggðinni.

Svo vikið sé að núverandi reynslu af rekstri dreifikerfis Ríkisútvarpsins ohf. (hér eftir RÚV) þá er hún sú að landsbyggð hefur í gegnum tíðina almennt verið mun verr sinnt í þessum málum en SV-horninu. Tækjabúnaður til dreifingar hefur víða ekki verið endurnýjaður í áratugi og víða eru dauðir blettir í viðtökuskilyrðum.

Dreifingarmál útvarps: FM-sendingar hefa ekki fulla dekkun á helstu þjóðvegum og í afskekktari byggðum með heilsársbúsetu. Sem dæmi má nefna Norður-Strandir og Breiðavík sem bæði eru með heilsársbúsetu og eru einnig vinsælir ferðaþjónustustaðir. Skv. viðmiðum Fjarskiptasjóðs eiga þessir staðir rétt á nothæfu Internetsambandi en engin sambærileg viðmið eru til yfir viðtöku ljósvakafjölmíðla. Vestfirðir hafa verið án RDS-þjónustu frá upphafi. Jarðgöng úti á landi eru öll án útvarpsútsendinga.

Dreifingarmál sjónvarps: Þó að senn líði að lokum hliðrænnar dreifingar má nefna að stereo-útsendingar RÚV í sjónvarpi hafa aldrei náð til Vestfjarða og gildir það líklega einnig um mestalla landsbyggðina. Útsendingar til næstu miða eru svo til engar, á Vestfjörðum utan 12 mílna, næst sjónvarp aðeins á litlum bletti úti fyrir Dýrafirði. Skip styttri en 35 metrar (92% skipa á skipaskrá) geta ekki nýtt sér gerfihnattaútsendingar. Í sveitum eru móttökuskilyrði víða afleit og fjöll skyggja á gerfihnattaútsendingu víða. Þrátt fyrir að hægt hafi verið að nýta aðstöðu á radarstöðvunum til sendinga langt út á miðin hefur það ekki verið gert.

Rekstur svæðisútvarps: RÚV lagði niður rekstur svæðisútvarpsmiðstöðva í hagræðingarskyni og tilkynnti að þess í stað yrði landbyggðarmálefnum sinnt á öflugan hátt í hádegisútvarpi. Sú dagskrárgerð hefur einnig verið lögð niður og má nú segja að eina umfjöllun RÚV um málefni landsbyggðar felist nú í sjónvarpsþættinum Landanum sem má allt eins búast við að „fari í sumarfrí“ og undir hælinn lagt hvort hann haldi þá áfram eftir frekari „hagræðingu“.

Tillögur um úrbætur:

Lagt er til að í frumvarpið verði tekin upp ákvæði sem tryggi að viðtökuskilyrði miðla RÚV verði sambærileg um allt land og næstu mið. Lögð verði áhersla á að bæta gæði á erfiðustu útsendingarsvæðum og setja traust viðmið um þau. Þá verði kveðið á um skyldu RÚV til að koma upp útsendingum í jarðgöngum. RÚV verði einnig gert skylt að birta á opinberan hátt niðurstöður úr reglulegum gæðakönnunum um rekstur dreifikerfis.

RÚV verði gert skylt að reka starfsstöðvar með a.m.k. 2 stöðugildum hverri, á Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum, Höfn og Selfossi.

Beðist er velvirðingar á því hversu seint umsögnin berst.

f.h. Snerpu ehf.

Björn Davíðsson.